

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjónustumiðstöðina Stopp vörn fyrir börn.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Þjónustumiðstöðin Stopp vörn fyrir börn og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili og varnarþing.

Heimili sjálfseignarstofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar í að veita forráðamönnum/aðstandendum sem telja að barn sitt hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, stuðning og sérfræðilega ráðgjöf. Einnig að veita einstaklingum, óháð aldri þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, stuðning og sérfræðilega ráðgjöf. Einnig að halda stuðningsfundi fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

4. gr.

Stofnandi.

Kristín Snæfells Arnþórsdóttir, kt. 041050-3499.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000, sem er framlag úr hendi stofnanda félagsins. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyrast stofnendum hennar.

6. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri.

Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar, skal skipuð 3 mönnum: formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Stjórnarmenn skulu velja menn til setu í stjórninni og einn varamann á eins árs fresti. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Falli atvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Stjórn kýs sér formann og varaformann. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn.

Stjórn skal ráða einn framkvæmdastjóra sem hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Endurskoðun reikninga.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn endurskoðanda eða skoðunarmann reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda/skoðunarmann má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

9. gr.

Stjórnarfundur.

Stjórnarformaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Fund skal alla jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Fjármögnun og ráðstöfun.

Sjálfseignarstofnunin hyggst fjármagna starfsemi sína og verkefni með frjálsum framlögum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Rekstrarafgangi af starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal varið í samræmi við tilgang hennar.

12. gr.

Slit.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign varið til góðgerðarmála að vali stjórnar í samræmi við markmið sjóðsins.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumannsins á Sauðárkróki, 6. júní 2013.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrímsdóttir.